

30. mars 2009 – Húsnæði Suðurlandsskóga, Selfossi.
Fundur settur kl: 10:00 – slitið 11:30

Mættir: Björgvin Eggertsson [formaður], Harpa Dís Harðardóttir [gjaldkeri],
Bjarni D. Sigurðsson [ritar]

I. Almenn

Stjórn hittist í annað sinn og fylgir eftir málum sem byrjað var á á fyrsta stjórnarfundum og hóf undirbúning á aðalfundi félagsins 2009 sem haldinn verður í tengslum við Fræðafund skógræktar, fimmtudaginn 16. apríl, í húsi Þróttar í Laugardal, Reykjavík.

Ýmis önnur mál voru rædd á fundinum. Þau helstu voru:

- Minna hugsanlega nýja félagi á Skógfræðingafélagið – bæði útskrifaða skógfræðinga og nemendur sem nú eru í námi. Í þessu sambandi varð umræða um að það þurfi að koma betur fram hvað menn "græða" á að vera í fagfélaginu. Þetta snertir bæði hvað er megin tilgangur félagsins (lög félagsins) og einnig hversu virk sjórn er í að útbúa viðburði í nafni félagsins. Þetta þarf að ræða betur síðar í stjórn og móta – t.d. í sambandi við heimasíðugerðina.
- Ákveðið að standa fyrir fjölskylduútilegu í Þjórsárdal í sumar í nafni félagsins. Rætt um hverjum yrði boðið að taka þátt. Ákveðið var að það yrðu félagsmenn og aðrir skógarþúkum sem starfað hafa í Þjórsárdal. Ákveðið að ekki yrði boðið öllum skógarþúkum landsins; Þessi útilega verður eitt af því sem menn fá út úr því að vera í félaginu. Stefnum að því að gera svona útilegur á mismunandi skógarsvæði árvissan viðburð.
- Síðan var rætt um heima og geyma....

II. Lokið frá síðasta fundi

- **Harpa/Björgvin/Bjarni:** Sendu út bréf til félagsmanna fyrir jól með fréttum af félaginu og beiðni um að greiða árgjaldið 2008 [3000 kr] fyrir 31. Janúar 2009.
- **Harpa:** Komin með prókúru á bankareikning félagsins [0302-26-1830]
- **Bjarni:** Búinn að fá leyfi til að halda næsta aðalfund félagsins í tengslum við Fræðafund skógræktar.
- **Bjarni:** Búinn að kaupa lén fyrir félagið, www.skogfraedi.is og byrjaður að útbúa heimasíðu. Hef m.a. fengið gögn frá Guggu að norðan; en hún var ekki komin með neinn texta á síðuna sem hún ætlaði að vinna.
- **Bjarni:** Sótti um pósthólf fyrir félagið – en það á ennþá eftir að ganga endanlega frá því og greiða reikninginn (Harpa).

III. Ákvarðanir STRAX! (to do NOW...)

- **Björgvin auglýsir aðalfund félagsins 2009** eins fljótt og auðið er með tölvupósti á félagsmenn. Bæta þar við orðunum: "aðeins þeir sem hafa gert upp félagsgjöld fyrir síðasta ár (2008) hafa atkvæðisrétt á fundinum".
 - o **Fundurinn** verður þann 16. apríl í sal Þróttar í Laugardal, Reykjavík. Fundurinn verður haldinn í beinu framhaldi af Fræðafundi skógræktar sem lýkur kl. 17:00. Aðalfundurinn er formlega kominn inn á dagskrá ráðstæfnunnar sem er að finna á: <http://www.skogur.is/fagradstefna> Þar stendur núna: **Aðrir viðburðir: 17.00-17:40 Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands**
 - o **Björgvin** útbýr fundarboðið í samstarfi við Hörpu, þar sem m.a. kemur fram:
 - Venjuleg aðalfundastörf
 - Harpa gerir reikninga – lætur endurskoða...
 - Björgvin – Breyta lögum félagsins v stjórn. Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á lögum félagsins (landshlutastjórnir).
 - Björgvin – skýrsla stjórnar og hvað er framundan...
 - Bjarni – kynnir heimasíðu...
- **Harpa** fer á pósthús og ákveður endanlega hvort pósthólf félagsins verður pósthólf eða biðpóstur – gengur frá reikningi og tekur lykil. Athugar hvort ekki liggur reikningur fyrir léninu í pósthólfinu.

IV. Aðrar ákvarðanir (to do...)

Fyrir aðalfund:

- **Björgvin:** Útbýr skýrslu stjórnar.
- **Harpa:** Setur upp uppgjör fyrir stjórarárið 2008-2009 – og lætur endurskoðendur reikninga fara yfir það fyrir aðalfundinn.
- **Bjarni:** Kemur drögum að heimasíðu í það horf að hægt verði að sýna þau á fundinum.
- **Björgvin** heldur áfram að undirbúa jarðvegsfræðinámskeiðið sem fyrirhugað er í haust – væri gott að segja frá því í "skýrslu stjórnar" á aðalfundinum...

Ótímasett:

- **Allir:** Minna hugsanlega nýja félag á Skógræðingafélagið
 - o Minnum sérstaklega á þá sem eru með aukaaðild en hafa nú útskrifast.
 - o BDS þarf að senda á nemendur – fyrirverandi nemendur...
 - Ákveða hvað menn fá út úr aukaaðild og hvort þeir eigi að greiða félagsgjöld...
- **Bjarni** útbýr netfang fyrir félagið (stjorn@skogfraedi.is), og speglun af því yfir á t.d. bjorgvin@lbhi.is og netföng annarra stjórnarmanna.
- **Útilega Skógræðingafélagsins:** Dagsetning útilegu Skógræðingafélagsins verður 26-27-28 júní Þjorsárdal (föst-sunn) – Fjölskylduferð. Félagið bjóði upp á veitingar í útilegu – hádegi á laugardegi...
- **Námskeið:** Ákveðum að félagið styrki félag fyrir að fara á námskeið sem félagið stendur að.